

OECD: Education at a Glance 2014

Kynning OECD á helstu niðurstöðum um Ísland.

Á Ísland er hæsta atvinnuþátttaka allra OECD landa óháð menntun.

Árið 2012 var atvinnuþátttaka 25-64 ára hærri en hjá öðrum OECD löndum sem gögn voru til um, og það vekur athygli að þessi háa atvinnuþátttaka var óháð menntunarstigi. Atvinnuþátttaka hjá 25 – 64 ára árið 2012 sem ekki höfðu lokið framhaldsskólaprófi var 73%, hjá þeim sem höfðu lokið framhaldsskólaprófi 85% og með háskólagráðu var atvinnuþátttakan 91%.¹ Þessi hlutfallslega skipting hélst nokkurn veginn á milli árána 2009 og 2012, að undanskildum þeim sem höfðu minnsta menntun þar sem atvinnuþátttakan dróst saman um 4%.

Útgjöld á hvern nemanda á Íslandi er minni en á hinum Norðurlöndunum, þar sem mestu er varið til nemenda á leik- og grunnskólastigi.

Árið 2011 var varið 9.180 USD² á hvern nemanda að meðaltali þegar öll skólastig eru talin saman, þ.m.t. útgjöld til rannsókna og þróunar. Þessi upphæð var lægri en á hinum Norðurlöndunum og sömuleiðis lægri en meðaltal OECD landa (9.487 USD)³. Heildarútgjöld hins opinbera til menntamála sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hefur farið lækkað á undanförunum árum. Jafnvel þótt útgjöld hafi náð hámarki eftir aldamótin árið 2009 þegar hlutfallið var 7,8% og hafði lækkað niður í 7,4% árið 2011 þá var hlutfallið samt sem áður yfir meðaltali OECD, 5,6% af VLF.⁴ Ísland var í öðru sæti meðal Norðurlandanna árið 2011, þótt það sé eina landið á Norðurlöndunum þar sem hlutfallið hefur lækkað síðan 2008.

Þrátt fyrir að árleg útgjöld á hvern nemanda séu tiltölulega lág á Íslandi, þá er miklu varið til leikskóla- og grunnskólastigsins í samanburði við hin Norðurlöndin. Árið 2011 var að meðaltali varið 9.138 USD á hvern grunnskólanemanda árlega á Íslandi sem er næst hæstu útgjöld á Norðurlöndunum það árið.⁵ Aftur á móti voru árleg útgjöld á hvern nemanda á framhalds- og háskólastigi þau lægstu á Norðurlöndunum, með 8.470 USD á hvern framhaldsskólanema og 8.612 USD á hvern háskólanema.⁶ Hinn mikli kostnaður á leikskólastigi endurspeglar mikla aðsókn að leikskólum, sem er yfir meðaltali; Ísland er ásamt Noregi og Spáni með fjórðu hæstu aðsókn að leikskólum meðal 3 og 4 ára barna, með 96% aðsókn árið 2012 í samanburði við 76% OECD meðaltal.⁷

Háskólanám á Íslandi er að ýmsu leyti frábrugðið öðrum OECD löndum.

Sextíu prósent ungs fólks á Ísland má eiga von á því að ljúka háskólaprófi einhvern tíma á lífsleiðinni miðað við brautskráningartölur fyrir árið 2012.⁸ Þetta var hæsta hlutfall nokkurs skólakerfis í skýrslunni og var mun hærra en OECD meðaltalið sem stóð í 37 prósentum. Jafnvel þótt að bæði kynin á Íslandi mega eiga von á því að brautskrást með háskólagráðu úr fræðilegu háskólanámi í meiri

¹ Tafla 5.3a

² Tafla B1.1a

³ Tafla B1.1a

⁴ Tafla B4.2

⁵ Tafla B1.1a

⁶ Tafla B1.1a

⁷ Tafla C1.1a

⁸ Tafla A3.2a

mæli en sem nemur OECD meðaltali þá eru líkur kvenna mun hærrí en karla að þessu leyti. Árið 2012 var áætlað brautskráningarlutfall kvenna úr háskólanámi 78% (í samanburði við OECD meðaltal 46%) en hjá körlum var hlutfallið 44% (OECD meðaltal 31%).⁹

Íslenskir nemendur hefja nám á háskólastigi seinna en nemendur í flestum öðrum OECD löndum. Árið 2012 var meðalaldur nýnema í fræðilegu háskólanámi á Íslandi 26 ár, sem var hæsti meðalaldur nokkurs OECD lands (þar sem gögn voru tiltæk). Meðalaldur nýnema innan OECD árið 2012 var 22 ár. Þetta kemur heim og saman við að háskólamenntaðir meðal 25 – 34 ára voru 38% árið 2012, sem var lægsta hlutfall á Norðurlöndunum.

Aðrar niðurstöður.

- **Á Íslandi héldu laun framhaldsskólakennara áfram að lækka:** Laun framhaldsskólakennara voru hæst árið 2006 og kjarasamningsbundin laun kennara með kennsluréttindi og 15 ára starfsreynslu hafa lækkað á hverju ári eftir það til ársins 2012. Árið 2012 voru laun framhaldsskólakennara 13 prósentustigum lægri en árið 2005. Til samanburðar lækkuðu laun leik- og grunnskólakennara um 4 prósentustig á sama tímabili.¹⁰
- **Fámennir bekkir eru algengir á Íslandi á leik- og grunnskólastigi:** Árið 2012 var fjöldi barna á hvern leikskólakennara á Íslandi 6:1, sem var jafnhátt og í Svíþjóð og það lægsta meðal 27 OECD landa sem gögn náðu til. Í grunnskólum á Íslandi voru einnig fæstir nemendur á hvern kennara ásamt Noregi, 10:1.¹¹
- **Kennarastéttin eldist:** Árið 2012 voru 43% framhaldsskólakennara 50 ára eða eldri, en árið 2002 var sama hlutfall 40%. OECD meðaltalið var 31% árið 2002 og 36% árið 2012.¹²

Þessi samantekt er samin og birt af OECD; þýðing mennta- og menningarmálaráðuneyti.

⁹ Tafla A3.2b

¹⁰ Tafla D3.5

¹¹ Tafla D2.2

¹² Tafla D5.2